

um Happraætti Háskóla Íslands.

(Eftir 2. umr. í Ed., 28. marz.)

1. gr.

Dómsmálaráðherra er heimilt að veita Háskóla Íslands einkaleyfi til rekstrar happraættis með þeim skilyrðum, er nú skal greina:

- a) Hlutatalan má ekki fara fram úr 60000, er skiptist í 12 flokka á ári hverju, og skal dráttur fara fram fyrir einn flokk í mánuði hverjum, dráttur 1. flokks í janúarmánuði og 12. flokks í desembermánuði. Heimilt er að gefa út 4 flokka hlutamiða, sem greinist að með bókstöfunum E, F, G og H.
- b) Iðgjald fyrir hvern hlut ákveður dómsmálaráðherra að fengnum tillögum happraættisráðs og happraættisstjórnar Háskólans.
- c) Vinningar skulu eigi vera færri en svo, að að minnsta kosti fjórði hver miði hljóti vinning árlega að meðaltali, og skal vinningsfjárhæð nema að minnsta kosti 70% af iðgjöldum samantöldum í öllum 12 flokkum.
- d) Drættirnir fara opinberlega fram í Reykjavík undir eftirliti nefndar, er ráðherra skipar til þess. Skulu í henni sitja fimm menn og tveir til vara. Skulu að minnsta kosti tveir nefndarmenn vera lögfræðingar. Nefndin leggur fullnaðarúrskurð á allan ágreining um lögmati eða gildi dráttanna, bæði meðan dráttur fer fram og eftir að honum er lokið. Kostnaðinn af þessu ber happraættið.
- e) Einkaleyfi til að reka happraættið má veita til 1. janúar 1989. Ágóðanum skal varið til að reisa byggingar á vegum Háskóla Íslands. Ennfremur er heimilt að verja honum til greiðslu kostnaðar af viðhaldi háskólabygginganna, til fegrunar á háskólalóðinni, til þess að koma á fót og efla rannsóknarstofur við hinar ýmsu deildir háskólans, svo til að greiða andvirði rannsóknar- og kennslutækja, sem Háskólinn telur sér nauðsyn að eignast. Leyfishafi greiði í ríkissjóð 20% af nettó-ársarði í einkaleyfisgjald.

2. gr.

Á meðan happraættið starfar, er bannað að setja á stofn nokkurt annað peningahappraætti hér á landi, svo og að verzla með eða hafa á boðstólum miða erlendra happraættanna, auglýsa þá í innlendum hlöðum eða hvetja menn til að kaupa þá. Þó getur ráðherra veitt undanþágu að því er kemur til happraættis, sem stofnað er til í góðgerðaskyni einungis, og þó með skýrum takmörkum, t. d. fyrir eitt sveitarfélag, og aldrei nema um ákveðinn tíma, lengst eitt ár.

3. gr.

Enginn má selja hlutamiða happraættisins nema löggiltir útsölumenn þess, er fá miðana frá aðalskrifstofu happraættisins, og öll önnur verzlun með miðana er bönnuð. Ráðherra er heimilt að leyfa happraættinu að taka í sínar hendur útsölu hlutamiða.

4. gr.

Vinningar í happraættinu er undanþegnir hvers konar opinberum gjöldum, öðrum en eignarskatti á því ári sem þeir falla.

5. gr.

Dómsmálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um starfsemi happraættisins.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum eða varðhaldi.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 86 31. des. 1963, um stofnun happraættis fyrir Ísland, og lög nr. 95 23. des. 1969, um breyting á þeim lögum.